

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní 2011

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2011 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 29,7 ma.kr. en var neikvætt um 36,5 ma.kr. á sama tímabili 2010. Tekjur drógust saman um 18,3 ma.kr. en á sama tíma drógust gjöldin saman um 12,5 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 45,6 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júní 2007-2011

	Í milljónum króna				
	2007	2008	2009	2010	2011
Innheimtar tekjur	218 083	225 573	204 794	232 456	214 147
Greidd gjöld	175 411	197 714	258 552	261 644	249 140
Tekjujöfnuður	42 672	27 859	-53 758	-29 189	-34 993
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-11 057	222	7 301	-7 338	5 309
Handbært fé frá rekstri	31 615	28 081	-46 457	-36 527	-29 684
Fjármunahreyfingar	-71 961	-1 486	1 209	-34 774	56 628
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-40 346	26 595	-45 248	-71 301	26 944
Afborganir lána	-32 201	-31 415	-72 060	-135 516	-72 771
Innanlands	-21 357	-15 854	-72 060	-72 040	-1 920
Erlendis	-10 844	-15 561	-	-63 476	-70 851
Greiðslur til LSR og LH	-1 980	-1 980	-	-	-
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-74 527	-6 800	-117 308	-206 817	-45 827
Lántökur	46 612	62 319	123 934	235 004	171 222
Innanlands	43 278	62 319	116 585	101 868	43 092
Erlendis	3 334	-	7 349	133 136	128 130
Breyting á handbæru fé	-27 915	55 519	6 626	28 187	125 395

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 214,1 ma.kr. á fyrri helmingi ársins og eru það 7,9% minni tekjur en skiluðu sér á sama tíma í fyrra. Frávikið skýrist einkum af minni tekjum af sölu eigna, þar sem að í júní 2010 var bókfærður söluhagnaður vegna svonefnds Avenssamkomulags. Innheimtar tekjur í ár voru þó meiri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir, eða 2,6¹ ma.kr. meiri, sem einkum má rekja til meiri fjármagnstekjuskatts en reiknað var með.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 198,2 ma.kr. samanlagt frá janúar til júní sem er aukning um 1,1% frá fyrra ári og 2,1% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Þar af var bókfærður tekjuskattur einstaklinga 46,7 ma.kr. sem er samdráttur um 2,5% frá sama tíma árið 2010 og í samræmi við tekjuáætlun. Samdráttinn á milli ára má að mestu rekja til flutnings á mál-

¹ Í mánaðarhefti Fjársýslunnar kemur fram að frávik heildartekna frá áætlun sé 4,6 ma.kr. Frávikið er í raun minna, eða 2,6 ma.kr., sé tekið mið af breytingu á dreifingu vaxtatekna yfir árið sem gerð var í júlí og byggði á nýjum forsendum um dreifinguna, en breytingin skilaði sér ekki rétt inn í heftið.


efnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun, en samhliða honum var útsvar hækkað um 1,2% og tekjuskattur lækkaður á móti. Sé litið til samanlagðra skila launagreiðenda í staðgreiðslukerfinu á bæði tekjuskatti og útsvari er 6,7% aukning milli ára á fyrstu sex mánuðum ársins, en á sama tíma hækkaði skatthlutfallið í staðgreiðslu um 0,09 prósentu-stig. Aukningin milli ára virðist því að mestu leyti stafa af hækkun tekjuskattsstofnsins í krónum talið. Þess má geta að launahækkanir og eingreiðslur í kjölfar nýrra kjarasamninga komu í mörgum tilvikum til greiðslu í júní og er tekjuskattur einstaklinga því töluvert hærri í júní en verið hefur. Gert var ráð fyrir kjarasamningum á árinu í tekjuáætlun fjárlaga en ekki að greiðslur yrðu svo miklar á þessum tímamarki. Tekjuskattur lögaðila nam 6,9 ma.kr. sem er aukning um 14,2% frá því í fyrra og 1,7% yfir áætlun fjárlaga. Þá var innheimtur fjármagnstekjuskattur 21 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins sem er 1,6% aukning frá sama tíma í fyrra og 3,2 ma.kr. umfram áætlun. Hér er um að ræða skatt af fjármagnstekjum á síðasta fjórðungi ársins 2010 og á fyrsta ársfjórðungi í ár. Innheimta eignarskatta var 2,1 ma.kr. og dróst saman um 0,2% frá því í fyrra, þar af námu stimpilgjöld 1,3 ma.kr. og drógust saman um 2,3%.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
Skatttekjur og tryggingagjöld	178 113	196 027	198 162	-13,6	10,1	1,1
Skattar á tekjur og hagnað	79 637	74 559	74 584	-6,0	-6,4	0,0
Tekjuskattur einstaklinga	43 524	47 829	46 657	-5,9	9,9	-2,5
Tekjuskattur lögaðila	7 981	6 075	6 939	-36,7	-23,9	14,2
Skattur á fjármagnstekjur	28 132	20 656	20 988	8,8	-26,6	1,6
Eignarskattar	2 529	2 093	2 089	-40,2	-17,3	-0,2
Skattar á vöru og þjónustu	73 891	85 712	85 220	-20,2	16,0	-0,6
Virðisaukaskattur	51 243	58 605	56 136	-21,8	14,4	-4,2
Vörugjöld af ökutækjum	893	754	1 280	-83,5	-15,6	69,9
Vörugjöld af bensíni	4 715	4 762	5 339	10,1	1,0	12,1
Skattar á olíu	3 095	3 171	3 141	-10,8	2,5	-1,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	6 277	6 964	7 130	10,7	11,0	2,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	7 669	11 457	12 194	-5,7	49,4	6,4
Tollar og aðflutningsgjöld	2 231	2 940	3 230	-24,5	31,8	9,9
Aðrir skattar	1 435	1 804	1 823	8,7	25,7	1,0
Tryggingagjöld	18 390	28 919	31 217	-10,2	57,3	7,9
Fjárframlög	340	310	489	64,2	-8,7	57,4
Aðrar tekjur	26 206	16 664	15 389	54,9	-36,4	-7,6
Sala eigna	352	19 474	116	-	-	-
Tekjur alls	205 010	232 475	214 156	-9,1	13,4	-7,9

Skattar á vöru og þjónustu námu 85,2 ma.kr. frá janúar til júní sem er 0,6% samdráttur frá árinu 2010 en 0,1% hærri upphæð en gert var ráð fyrir að innheimtist í fjárlögum fyrir árið 2011. Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal er hækkunin hins vegar 0,9% umfram verðlag (sjá mynd).

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára, m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkanir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Virðisaukaskattur er stærsti hluti veltuskattanna og nam hann 56,1 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins. Það er samdráttur um 4,2% að nafnvirði frá sama tíma í fyrra. Virðisaukaskattur í júnímánuði einum nam 15,6 ma.kr., þar af er um 6,1 ma.kr. sem átti að koma til innheimtu í maí en færðist yfir í júní vegna greiðslufrestunarheimildar í tolli. Um 75% innflytjenda nýta sér heimildina. Um 4,6 ma.kr. voru vegna sölu vöru og þjónustu í mánuðunum mars og apríl að frádregnum innskatti. Fyrir utan virðisaukaskatt eru vörugjöld af bensíni og olíu, áfengi og tóbaki stærstu liðir óbeinu skattana. Lauslega áætlað hafa eldsneytisskattstofnarnir dregist saman um 7,4% (bensín) og 4,7% (olíu). Tekjur af áfengisgjaldi voru 0,9% minni en í fyrra og 5,6% minni en reiknað var með í áætlun fjárlaga. Þá voru tekjur af tóbaksgjaldi 9% meiri en á sama tíma 2010 sem og 0,5% meiri en gert var ráð fyrir. Vörugjöld af ökutækjum eru sá liður óbeinu skattanna sem hefur aukist mest, eða um 70% á milli ára enda hafa nýskráningar bíla aukist töluvert frá fyrstu sex mánuðum ársins 2010 en stór hluti þeirra er skráður í notkunarflokkinn bílaleiga. Tekjur af tryggingagjaldi voru 31,2 ma.kr. sem er aukning um 7,9% frá sama tíma 2010 og 1,4% yfir áætlun fjárlaga, en kjarasamningar höfðu veruleg áhrif á þær í júní. Aðrar tekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur, fjárframlög og eignasala) námu 15,4 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. samdráttur frá sama tíma árið 2010 sem og undir áætlun fjárlaga. Þar af voru ýmsar og óskilgreindar tekjur 2,8 ma.kr. undir áætlun sem rekja má til þess að fjárlagaáætlunin gerði ráð fyrir 3 ma.kr. tekjufærslu í maí, vegna fjármögnunar á sérstakri vaxtaniðurgreiðslu, en þær tekjur hafa ekki skilað sér ennþá. Þá voru tekjur af sölu eigna 116 m.kr. en þær voru 19,5 ma.kr. á sama tíma í fyrra þegar Avens-samkomulagið var gert.

Greidd gjöld námu 249,1 ma.kr. og drógust saman um 12,5 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 4,8%. Greidd gjöld voru einnig innan fjárheimilda tímabilsins um 2,8 ma.kr. eða 1,1%.

Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs drógust saman um 6,6 ma.kr. milli ára en voru í jafnvægi við fjárheimildir tímabilsins. *Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu* jukust lítillega á milli ára en voru 1,9 ma.kr. innan fjárheimilda. *Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála* voru 3,2 ma.kr. hærrí en í fyrra og 2,7 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld vegna Lífeyristrygginga jukust um 5,8 ma.kr. milli ára og voru jafnframt um 3,5 ma.kr. umfram heimildir. Þá var greidd sérstök vaxtaniðurgreiðsla að upphæð 3 ma.kr. sem er aukning frá fyrra ári en á móti drógust útgjöld saman um 5,3 ma.kr. milli ára vegna flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þá voru greiddar barnabætur tæpum 1 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra, útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs 443 m.kr. lægri og útgjöld Fæðingarorlofssjóðs 612 m.kr. lægri.

Útgjöld til heilbrigðismála drógust saman um 793 m.kr. milli ára en voru 1,6 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala drógust saman um 353 m.kr. milli ára en voru í takt við heimildir ársins. Þá drógust útgjöld vegna Sjúkratrygginga saman um 207 m.kr. milli ára en þrátt fyrir það eru þau 1,2 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins. *Útgjöld til efnahags- og atvinnamála* drógust saman milli ára um 3,7 ma.kr. og voru jafnframt 4,2 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Þar vegur þýngst að ýmsar framkvæmdir hafa farið hægar af stað en gert var ráð fyrir. Til dæmis dragast útgjöld Vegagerðarinnar saman um 2,5 ma.kr. og eru tæpan 1 ma.kr. innan heimilda, útgjöld vegna hafnarframkvæmda dragast saman um 489 m.kr. og útgjöld flugvalla og flugleiðsöguþjónustu dragast saman um 296 m.kr. *Útgjöld til menntamála* voru 1,6 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru jafnframt 450 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna skýra þetta að mestu leyti en þau voru 1,4 ma.kr. lægri en í fyrra en voru í takt við heimildir. Þessi frávik skýrast að mestu með tilflutningi á greiðslum innan ársins. *Útgjöld til menningar-, íþrótt- og trúmála* voru 87 m.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en voru 328 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála drógust saman um 114 m.kr. milli ára og voru 309 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Fjárfestingar Landhelgisjóðs dragast verulega saman milli ára en á árinu 2010 voru mikil útgjöld vegna kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og nýju varðskipi. Útgjöld Ofanflóðasjóðs eru 306 m.kr. innan heimilda en aukast um 100 m.kr. milli ára. *Útgjöld til umhverfisverndar* aukast lítillega milli ára en eru 353 m.kr. innan áætlana. *Útgjöld til Varnarmála* drógust saman um 145 m.kr. milli ára en voru 27 m.kr. yfir heimildum tímabilsins. *Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála* drógust saman um 92 m.kr. milli ára og voru 75 m.kr. innan heimilda tímabilsins. *Óregluleg útgjöld* drógust saman um 3,4 ma.kr. milli ára en voru 339 m.kr. yfir fjárheimildum. Þessi samdráttur skýrist að mestu með útgjöldum vegna ríkisábyrgða sem voru gjaldfærðar þarna í fyrra en flokkast nú með vaxtagjöldum. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs 638 m.kr. lægri en í fyrra sem er samt 55 m.kr. hærrí en heimildir gerðu ráð fyrir.

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2009	2010	2011	2010	2011
Vaxtagreiðslur	30 008	43 570	36 993	45,2	-15,1
Almenn opinber þjónusta	22 098	21 630	22 183	-2,1	2,6
Varnarmál	791	794	649	0,3	-18,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	12 308	8 994	8 880	-26,9	-1,3
Efnahags- og atvinnumál	30 379	27 322	23 641	-10,1	-13,5
Umhverfisvernd	2 164	2 197	2 207	1,5	0,4
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	314	326	234	3,9	-28,1
Heilbrigðismál	57 322	56 111	55 318	-2,1	-1,4
Menningar- íþróttá- og trúmál	9 882	8 196	8 283	-17,1	1,1
Menntamál	25 903	27 791	26 180	7,3	-5,8
Almannatryggingar og velferðarmál	61 120	56 224	59 473	-8,0	5,8
Óregluleg útgjöld	6 265	8 488	5 098	35,5	-39,9
Gjöld alls	258 552	261 644	249 140	1,2	-4,8

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var jákvæður um tæpa 27 ma.kr. sem er 98,3 ma.kr. betri staða en á sama tíma í fyrra. Aðallega er um að ræða 58,5 ma.kr. lækkun á veittu gjaldeyrisforðaláni til Seðlabankans eftir að ríkissjóður keypti í maí upp samsvarandi skuldir vegna láns á gjalddaga síðar á þessu ári.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 72,8 ma.kr. Afborganir innlendra skulda námu 1,9 m.kr. og erlendra skulda tæplega 70,9 ma.kr. Þar af námu uppkaup ríkissjóðs í maí sl. 65,6 ma.kr.

Lántökur fyrstu sex mánuði ársins námu 171,2 ma.kr., þar af námu lántökur innanlands 43,1 ma.kr. Gefin voru út ríkisverðbréf fyrir 62,3 ma.kr. en á móti lækkaði stofn ríkisvixla um 19,2 ma.kr. Í júní gaf ríkissjóður út á erlendum mörkuðum skuldabréf að fjárhæð 1 milljarður dollara, að jafnvirði 116,9 ma.kr. Þá var endurmat gjaldeyrisreikninga í lok júní 11,2 ma.kr.